



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar þann 18. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að settar verði upp 50 veðurstöðvar í Reykjavík sem nýtast til að meta betur hvar sé árangursríkast að gróðursetja trjágróður í nágrenni borgarinnar. Ennfremur nýtast þessar mælingar til að kortleggja betur breytileika í veðri eftir borgarhlutum, en slíkar upplýsingar nýtast skipulagsvinnu borgarinnar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að tillaga um veðurmælingar og markvissa gróðursetningu fái viðeigandi málsmeðferð í umhverfis- og heilbrigðisráði með von um að verkefnið komist á dagskrá 2020.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur ekkert á móti rannsóknum á veðurfari og vera kann að meiri upplýsingar um nærveður muni koma að gagni. Borgarfulltrúi vill þó benda á eftirfarandi atriði. Skógur og skjólbelti draga úr vindhraða. Há skjólbelti hafa veruleg áhrif á vindhraða og þar með vindkælingu og álagi á fasta hluti. Byggingar breyta vindlagi í misjafnar áttir og þau áhrif tengjast hæð og byggingarlagi húsanna. Erfitt kann að vera að meta slík áhrif með veðurstöð. Til að spá fyrir um slík áhrif eru líkanprófanir í vindgöngum betri aðferð. Líkanprófanir eru t.d. vel þekktar áður en hafnir eru gerðar til að mæla áhrif einstakra byggingarháttanna svo sem brimvarnargarða. Veðurmælingar á nærveðri verða af ofangreindum ástæðum úreltar um leið og umhverfinu hefur verið breytt og gildir þá einu hvort mælingarnar hafi kostað 10 eða 100 milljónir. Varla verður í framtíðinni unnið með úreltar upplýsingar og leggur borgarfulltrúi Flokks fólksins til að reynt verið að halda kostnaði við upplýsingar um nærveður innan skynsamlegra marka.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag í Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. júní 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag í Reykjavík

Lagt er til að settar verði upp 50 veðurstöðvar í Reykjavík sem nýtast til að meta betur hvar sé árangursríkast að gróðursetja trjágróður í nágrenni borgarinnar. Ennfremur nýtast þessar mælingar til að kortleggja betur breytileika í veðri eftir borgarhlutum, en slíkar upplýsingar nýtast skipulagsvinnu borgarinnar.

Greinargerð

Breytileiki veðurs frá einum stað til annars, sérstaklega vinds, er meiri á Reykjavíkursvæðinu en í flestum ef ekki öllum öðrum borgum. Allt bendir til að ofsaveður séu allt upp í mörg hundruð sinnum algengari á vindasömum svæðum en á skjólsælli reitum og að samhengi vindstyrks og vindáttar sé ólíkt eftir borgarhlutum. Meðalúrkoma í efri byggðum er nærri tvöfalt meiri en í vestasta hluta byggðarinnar, og miklu meiri þegar komið er upp á Sandskeið og á athafnasvæði Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Mikilvægt er að kortleggja þennan breytileika, bæði í vindi, úrkomu og hita, bæði hvað varðar aftök (endurkomutíma) og meðalgildi. Það verður best gert með þéttu veðurstöðvaneti. Borgarstjórn hefur þegar ákveðið að auka skógrækt meðal annars með „Lofslagsskógum Reykjavíkur“, en með nákvæmari mælingum má ná mun markvissari meiri árangri í að byggja upp skjólbelti svo sem við Esju sem hefur mikil áhrif á veðurfar.

Kostnaður

50 veðurstöðvar (tæki).....7.000.000 kr. í upphafi
Rekstur (fjarskipti, viðhald).....1.000.000 kr. á ári
Uppsetning: Starfsmenn Reykjavíkur og HÍ. Borgin og HÍ borga sínum mönnum laun. Borgin leggur til tæki, verkfæri, rafmagn og festibúnað eftir atvikum.
Söfnun, framsetning, vistun og afgreiðsla gagna.....1.000.000 kr. á ári

Nýting

- Alhliða mat á staðbundnum veðurfarsaðstæðum í sambandi við skipulag skógræktar og búsetu, gerð húsa, skipulag atvinnustarfsemi, samgöngur, veitur og hvers kyns nýtingu lands
- Staðbundnar veðurspár, m.a. í sambandi við mengun og aftakaveður
- Rannsóknir í veður- og veðurfarsfræði
- Kennslu á öllum skólastigum

Framkvæmd og umsjón

Umsjón af hálfu HÍ verði í höndum Haraldar Ólafssonar, prófessors í veðurfræði. Haraldur er í hópi leiðandi vísindamanna í heiminum í veðurfræði. Hann hefur ritað yfir hundruð vísindagreinar í alþjóðleg rit af ýmsu tagi, þar á meðal flest helstu og virtustu vísindarit í veðurfræði. Hann stjórnaði veðurskólanum við Háskólann í Björgvin í Noregi um árabíl og aðkomu skólans að uppsetningu veðurstöðvanets í Björgvin og nærsveitum á árunum 2006-2012. Það net stendur enn og er hér: <https://www.bergensveret.no/>. Þá er lítillega sagt frá því í hjálögðum greinarstúfi.